

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/8*  
*komudagur 13.10.2003*

Landbúnaðarráðuneytið,  
b.t. Ingimars Jóhannssonar  
Sölvhólssgata 7  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. október, 2003

Tilvísun: LAN00080048

Vísað er til bréfs þíns dags. 6. október um tölulegar upplýsingar og fleira.

Vakin er athygli þín á því að bréf Veiðimálastjóra svara ekki þeim spurningum er varða vernd fyrir íslenska laxastofna. Göngur eldislaxa í ár á Austurlandi staðfesta að mikil hætta er á ferðum og nauðsynlegt er að eyða allri óvissu um stöðu mála, m.a. með talningu upp úr kvíunum. Væntanlega hefur sami fjöldi unglaxa farið í kvíarnar og til slátrunar. Það vantar að skýrt og skilmerkilega komi fram hversu margir laxar hafi hugsanlega sloppið úr kvíunum. Ef Landbúnaðarráðherra er eins umhugað um verndun laxastofna og hann heldur fram í ræðu og riti væri einfaldast að láta fara fram slíka athugun með fáeinum sérfræðingum og endurskoðendum. NASF býður ráðuneytinu upp á einlæga samvinnu í þeim efnum en sérfræðingar okkar víða um heim hafa mikilvæga reynslu á þessu sviði.

Þá er vakin athygli Landbúnaðarráðherra á afriti (hjálagt) af bréfi Margot Wallström, European Commissioner for the Environment, dagsett 26. september síðastliðinn.

Í bréfi hennari segir: “Directive 91/67/EEC concerning animal health conditions applies without prejudice to other Community or national provisions on the conservation of species. The UK or Scottish authorities should verify that all imports comply with the provisions of this Directive and when required also with national rules on the conservation and protection of local fish populations.”

Enfremur segir í bréfinu: “I would also stress the need to protect biological diversity.” Þetta er skoðun sem við tökum sterklega undir og við viljum benda Landbúnaðarráðherra á að þarna sé mjög mikil hætta á frekari blöndun framandi erfðaefnis sem valdið geti skaða á íslenska laxastofninum.

Með tilliti til þessa þáttar teljum við enn frekari rök fyrir því að banna innflutning á lifandi erfðaefni til landsins. Álit Commissioner Wallström styður skoðun okkar og málstað.

Virðingarfyllst,

Orri Vigfússon